



Hreppsnefnd 11.04.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 11. apríl 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 11. apríl kl 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Alexander Árnason, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 26. mars. sl. Spurt var um 5. mál og svaraði sveitarstjóri því að styrkurinn kæmi til afgreiðslu fljótlega og framkvæmdir hefðust innan skamms. Fundargerðin samþykkt.

2. mál. Fundur stjórnar leiguíbúða frá 9. apríl sl. Fundargerð stjórnarinnar rædd að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 19. mars, 26. mars og 9 apríl sl. Fundargerðirnar rædd og var góður rómur gerður að ýmsum málum sem fram koma þar. Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

4. mál. Fundargerðir starfshóps hreppsnefndar frá 22. mars og 5. apríl sl. Lagðar fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð lanbúnaðarnefndar frá 18. mars sl. Lögð fram til kynningar.

6. mál. Heimsókn fulltrúa Vesturfarasetursins á Hofsósi 3. apríl sl. Umræða var nokkur um fundargerðina en annars lagt fram til kynningar.

7. mál. Opnun tilboðs í verkið Kaupvangur á Vopnafirði, viðgerð innanhúss. Tilboðið í verkið barst frá Mælifelli ehf. að fjárhæð 34.945.300 kr. Kostnaðaráætlun er 33.699.400 kr. að teknu tilliti til leiðréttingar á henni. Tilboð er því 3,7% hærra en kostnaðaráætlun. Fjármagn er ekki nægilegt fyrir hendi til verksins til að ljúka því í einum áfanga og þarf því að forgangsraða framkvæmdum. Fyrir þessu var gerð skýr grein í útboðslýsingu. Bygginganefnd Kaupvangs ásamt sveitarstjóra var falið að vinna að gerð verksamnings við Mælifell ehf..

8. mál. Lóðir á Kaupfélagstorfu og skipulag svæðis. Lögð fram drög að skipulagi svæðisins, sem unnin eru af Verkfræðistofu Austurlands. Nokkrar umræður urðu um fyrirliggjandi drög. Fyrirliggjandi drögum af skipulagi svæðisins vísað til skipulagsnefndar. Jafnframt samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að ræða við stjórn Kaupfélagsins um hugsanleg uppkaup og eða niðurrif á svokölluðu "beinamjòls húsi" og lóðinni sem húsið stendur á, þar sem brýnt þykir að fegra umhverfi þess.

9. mál. Félagsmálaráðuneytið bréf dags 26. mars sl., varðandi ýmis gögn og upplýsingar vegna komandi sveitarstjórnarkosninga. Lagt fram tilkynningar.

10. mál. Umhverfisráðuneytið bréf dags. 26. mars sl. varðandi dag umhverfisins 25. apríl nk. Samþykkt að senda skólanefnd erindið til afgreiðslu.

11. mál. Samgöngumál. Ítrekanir í fyrri beiðnum um fjármagn og framkvæmdir í vegamálum til og

frá Vopnafirði.

Allmiklar umræður um vegamál á svæðinu og fjárveitingar til nýframkvæmda.

Lagðar voru fram svofelldar ályktanir:

1) Leiðin : Hofsaárdalur, Brunahvammur-Teigur Vopnafirði.

Á liðnu hausti var lokið við uppbyggingu á 8 km. löngum kafla vegar frá svokallaðri Háreksstaðaleið og niður með Hofsa að Brunahvammi. Varðandi framhaldstengingu frá Brunahvammi og niður í Vopnafjörð, þá hafa verið í skoðun 2-3 hugsanlegar leiðir þ.e. sitthvoru megin við Hofsa og niður í Vesturárdal.

Á síðasta ári var unnið að skoðun þessara leiða og undirbúningi á umhverfismati þeirra leiða sem til skoðunar eru. Úrvinnsla þeirra gagna er í vinnslu hjá Vegagerð ríkisins, þar sem reynt verður að færa rök fyrir hvaða lega vegar er best og gera nákvæma kostnaðaráætlun. Ljóst er að hér er um all erfiða vegalagningu að ræða og kostnaðarsama. Gróf kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir að kostnaður við verkið sé um 1.200 m.kr.

Í gildandi vegáætlun árána 2000-2004 er einungis áætlað fyrir 18 m.kr. árið 2004 til þessa verkefnis. Ljóst er að slík fjárveiting dugar skammt.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps óskar því eftir því að við endurskoðun vegáætlunar verði mörkuð fjárveiting til verksins þ.a. vilji yfirvalda samgöngumála liggja fyrir í þessu brýna samgöngumáli sem er að tengja Vopnafjörð inn á þjóðveg 1 með nútímalegum hætti.

2) Jarðgöng: Milli Vopnafjarðar og Héraðs um Hellisheiði

Jarðgöng undir Hellisheiði-eystri er lykilatriði til þess að sveitarfélögin sitthvoru megin heiðarinnar geti unnið með eðlilegum hætti saman. Slík göng mundu rjúfa þá miklu vetrareinangrun, sem byggðirnar norðan Hellisheiðar búa við. Ennfremur og ekki síður tengja göng af þessum toga saman atvinnu- og þjónustusvæði sitthvoru megin heiðarinnar. Göngin eru því nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu byggða- og atvinnumála á svæðinu og myndu gjörbylta allri þjónustu og möguleikum einstaklinga og fyrirtækja til þess að nýta sér atvinnutækifæri á nýju og mun víðfeðmara atvinnusvæði.

Samgöngur af þessum toga eru einnig forsenda fyrir því að sú vinna sem átt hefur sér stað á síðustu misserum í því að kanna möguleika á mótun nýs sveitarfélags á norðursvæði Austurlands allt frá Skeggjastaðahreppi til og með Seyðisfjarðar geti orðið að veruleika. Í þessu sambandi nægir og að benda á meðfylgjandi samþykkt aðalfundar SSA frá ágúst í sumar, þar sem fagnað er áformum um gerð jarðaganga á Austurlandi og jafnframt hvatt til þess að yfirvöld samgöngumála og þingmenn Austurlands og Norðurlands eystra eigi að taka ákvörðun um að framkvæmdir við jarðgöng undir Hellisheiði-eystri verði næst í röðinni á eftir þeim jarðgöngum sem nú liggur fyrir ákvörðun um.

Á árunum 2002-2004 eru 50 m.kr. markaðar í jarðgangnaáætlun til rannsókna á jarðgöngum annarra en þeirra sem ákveðið hefur verið að ráðast í. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps gerir kröfu til þess að hluti fjárveitingar þessarar verði nýttur þegar á þessu ári til þess að vinna að rannsóknum þessara mikilvægu jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs, sem mundu stytta leiðina milli Vopnafjarðar og Egilsstaða um 100 km. fram og til baka samanborið við að fara um Vopnafjarðarheiði.

Meðfylgjandi er samþykkt aðalfundar SSA varðandi þessi mál frá í ágúst sl., ásamt greinargerð.

3) Snjómokstur: snjómokstur um Vopnafjarðarheiði, Háreksstaðaleið og Mývatnsöræfi.

Um langt skeið hefur verið barist fyrir því að snjómokstur sé alla daga frá Vopnafirði til Egilsstaða og um Fjöllin til Akureyrar. Á síðastliðnum vetri var mokstursdögum á þessari leið fjölgað úr fimm í sex og er það vel. Hér er hins vegar gerð sú sjálfsagða krafa að leiðir til og frá Vopnafirði verði þjónustaðar með sama hætti og sambærilegar leiðir annarsstaðar á Austurlandi og nægir þar að

nefna leiðina um Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða og leiðina um Fagradal og Oddsskarð úr Fjarðarbyggð til Egilsstaða. Á þessum leiðum er rutt daglega og er eðlilegt að sama gildi um leiðina Vopnafjörður- Egilsstaðir og um Mývatnsöræfi. Öll sveitarfélögin á þessu svæði eru í margvíslegu samstarfi sín á milli og öllum er sjá vilja hlýtur að vera ljós sá mikli aðstöðumunur, sem skapast við það að sumsstaðar sé mokað alla daga og sumsstaðar sex.

12. mál. Ýmis mál.

a) 62. fulltrúaráðsfundur sambands ísl. sveitasfélaga ýmis gögn og ályktanir.

13. mál. Fulltrúar Vopnafjarðarhrepps á aðalfund Tanga h/f 12. apríl.

Fram kom tillaga um fulltrúa Vopnafjarðarhrepps: "Aðalmenn í stjórn Tanga h/f fyrir Vopnafjarðarhrepp verði Ólafur Ármannsson og Hafþór Róbertsson. Til vara Ellert Árnason og Árni Magnússon."

Tillagan samþykkt samhljóða.

Jafnframt var sveitarstjóra falið að fara með atkvæði Vopnafjarðarhrepps á aðalfundi Tanga h/f fyrir Vopnafjarðarhrepp og Skiphólma ehf., en Vopnafjarðarhreppur er eigandi þess félags.

14. mál. Sundlaugin í Selárdal, gæsla. Miklar umræður urðu um umgengni í og við sundlaugina, sem því miður hefur ekki verið sem skyldi.

Samþykkt að taka málið fyrir síðar þar sem rætt verður hvernig best verður brugðist við þessum vanda..

15. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. apríl. Sveitarstjóri skýrði frá hugmyndum að breytingu á snúningssvæði í nýju innsiglingunni og nauðsynlegum aukaverkum. Ennfremur var gerð grein fyrir stöðu mála varðandi vinnu við undirbúning umhverfismats á væntanlegum brimvarnargarði milla Miðhólma og Skiphólma.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.